

## Reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995

### 1. gr.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar,- íþróttá,- æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf sbr. heimild í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

### 2. gr.

Rétt til styrks eiga félög og félagasamtök sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) eru fasteignaeigendur í Húnaþingi vestra.
- b) reka starfsemi sína í húsnaðinu með lögheimili í sveitarfélaginu sbr. 1. gr. reglna þessara, með þeim undantekningum sem greinir í 3. gr. reglna þessara.
- c) starfsemin skal vera á sviði menningar, íþróttá, tómstunda eða mannúðarstarfa og/eða góðgerðarmála og vera rekin í almannaþágu eða í þágu æskulýðs.
- d) um mannúðarsamtök gildir að góðgerðarstarfsemi verður að meginstefnu til að vera unnin í sjálfböðavinnu félagsmanna og ná út fyrir raðir þeirra, s.s. í formi styrkja, gjafa eða stuðnings fyrir almannaheill og samfélagið.
- e) njóti starfsemin annarra rekstrarstyrkja frá Húnaþingi vestra eða ígildi þeirra, skal tekið tillit til þess við úthlutun styrkja til greiðslu fasteignaskatts.
- f) starfsemin má ekki vera rekin í ágóðaskyni en heimilt er að innheimta tímabundnar tekjur fyrir notkun húsnaðisins sbr. þó 3. gr. reglna þessara.

### 3. gr.

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema allt að álögðum fasteignaskatti. Nú eru fasteignir þær sem um ræðir í 1. og 2. gr. jafnframt notaðar til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga- eða verslunarreksturs eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði og skal þá leggja og innheimta fasteignaskatt í réttu hlutfalli við slík afnot. Sé húsnaðið leigt út ótímabundið eða hluti þess í fastri útleigu skal styrkveiting takmarkast hlutfallslega sem því svarar.

Ef um fleiri en einn eiganda er að ræða að eign, og ekki allir eigendur uppfylla skilyrði reglna þessara, er veittur styrkur til þeirra sem uppfylla skilyrði reglnanna, í samræmi við eignarhluta þeirra.

### 4. gr.

Sækja skal um styrk til greiðslu fasteignaskatts á eyðublöðum sem liggja frammi á skrifstofu Húnaþings vestra, einnig er hægt að nálgast þau á heimasíðu sveitarfélagsins

[www.hunathing.is](http://www.hunathing.is). Með umsókn um styrki skal fylgja ársreikningur sl. rekstrarárs, lög félagsins þar sem fram koma markmið þess og stutt greinargerð um starfsemina.

5. gr.

Aðila er heimilt að óska eftir endurupptöku máls skv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 ef hann telur ákvörðun hafa byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða að íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hafi byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

6. gr.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra endurskoðar þessar reglur í desember ár hvert ef þurfa þykir.

Samþykkt á 140. fundi sveitarstjórnar þann 13. desember 2007.

Sveitarstjóri Húnaþings vestra